

**Nd. 590. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

3. málsgrein 1. gr. laga nr. 36/1909 orðist svo:

Í laga- og hagfræðideildinni eru 3 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Með l. nr. 78 27. júní 1941 var viðskiptaháskólinn, sem starfaði á árunum 1938—1940, sameinaður lagadeild Háskóla Íslands, og hefur síðan farið fram kennsla í viðskiptafræðum við laga- og hagfræðideild háskólans. Til kennslunnar var þegar á árinu 1941 skipaður dósent, og árið 1942 var annar dósent settur til viðbótar. Um þessi tvö störf eru hins vegar ekki til nein lagaákvæði. Þykir sjálfsagt að lögfesta embættin. Samþykkt frv. hefur engin aukin útgjöld í för með sér.